



Steinunn Sigurbjörnsdóttir &lt;steinunn808@gmail.com&gt;

**RE: Viðhorfskönnun**

1 message

**Sveitarstjóri Dalabyggð** <sveitarstjori@dalir.is>  
To: Steinunn Sigurbjörnsdóttir <steinunn808@gmail.com>

Wed, Jun 24, 2020 at 11:54 AM

Sæl Steinunn.

Ég kynni tölvupóstinn þinn fyrir byggðarráði á morgun en þá mun það taka framkvæmd á viðhorfskönnun til umfjöllunar.

B.kv.

Kristján

---

**From:** Steinunn Sigurbjörnsdóttir <steinunn808@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 24. júní 2020 00:42  
**To:** Sveitarstjóri Dalabyggð <sveitarstjori@dalir.is>  
**Subject:** Viðhorfskönnun

Sæll Kristján,

Ég skrifa þér nú vegna þeirrar ákvörðunar sveitarstjórnar að láta gera viðhorfskönnun meðal íbúa í Dalabyggð gagnvart nýtingu vindorku til raforkuvinnslu í sveitarfélaginu og þeirrar ákvörðunar að sú viðhorfskönnun eigi aðeins að ná til þeirra sem eru á kjörskrá í sveitarfélaginu en ekki allra sem sannarlega eiga lögvarðra hagsmuna að gæta.

Nú hagar svo til í nágrenni Hróðnýjarstaða að fjölmargir nágrennar eru á kjörskrá í öðrum sveitarfélögum en eiga sínar jarðir og fasteignir næst fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Sævar og Smári í Ljarkoti, Arnór í Ljárskógum, Bjarnheiður, Björk og Viðar í Glerárskógum, Þóra og Svavar á Hrappsstöðum, Guðjón og Elísabet í landi Hjarðarholts, Inga og Baldur í landi Spágilsstaða, Haraldur og Gylfi í landi Ljárskóga, ég sjálf og systir mín í landi Vígholtsstaða sem dæmi. Við spyrjum okkur hversu réttlátt og marktækt það er að spyrja fólk sem býr í tuga kílómetra fjarlægð hvort það sé sniðugt að setja virkjun á nágrennajörð okkar en spyrja okkur ekki. Við greiðum hér þá skatta og gjöld sem sveitarfélagið krefur okkur um og okkur finnst að við sem tökum þátt í að byggja upp þetta samfélag og dveljum hér löngum stundum og auðgum með því mannlífið og komum með tekjur til sveitarfélagsins, eigum rétt á því að eiga hér rödd.

Við förum fram á að Dalabyggð standi vörð um lögvarða hagsmuni okkar og að við fyrrgreinda viðhorfskönnun verði haft samband við alla hagsmunaaðila, íbúa jafnt og fasteignaeigendur.

Kær kveðja,

Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir

s. 820 2042